



STAÐARREGLA UM KYLFUBERA Á UNGLINGAMÓTUM GSÍ 2021

Eftirfarandi reglur gilda um kyfubera gilda á unglingamótum sem haldin eru á vegum Gólfsambands Íslands árið 2021 skv. fyrirmynd staðarreglu H-1.1 og koma til viðbótar almennum staðarreglum vegna GSÍ móta 2021.

Flokkar 15-16 ára, 17-18 ára og 19-21 árs

Reglu 10.3a er breytt þannig: Leikmaður má ekki nota kyfubera á meðan umferðin er leikin, nema með leyfi mótsstjórnar.

Víti fyrir brot á staðarreglu:

- Leikmaðurinn fær almenna vítið fyrir hverja holu þar sem hann naut aðstoðar kyfubera.
- Ef brotið á sér stað eða heldur áfram á milli tveggja hola hlýtur leikmaðurinn almenna vítið á næstu holu.

Flokkar 14 ára og yngri

Kyfuberar eru heimilir, sbr. reglu 10.3a.

Athugið:

Kyfuberi má einungis bera/draga útbúnað leikmanns og veita honum ráð samkvæmt golfreglum. Önnur afskipti eru óheimil.

Kyfuberi skal aldrei hafa orð fyrir keppanda og skal halda öllum samskiptum við aðra keppendur í algjöru lágmarki. Kyfuberi og leikmaður hans geta að sjálfsögðu ráðfært sig hvor við annan um einstök atvik í ráshópnum á hófstílltan og lítið áberandi hátt, en það er ávallt kyfingur sem tjáir sig við aðra keppendur. Höfum það hugfast að golfleikur krefst mikillar einbeitingar og að minnsta áreiti getur komið keppanda úr jafnvægi.

Brot á framangreindu geta leitt til brottvikningar kyfubera eftir aðvörun dómara.